

Námsáætlun fyrir íslensku - 5. bekkur ÁT
skólaárið 2020 – 2021



Kennari: Ásta Sigurlaug Tryggvadóttir, Auður Vilhelmsdóttir.

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. • Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. • Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi 	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra og æfi sig að sýna flytjendum tillitssemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans. • Að nemendum sé gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim. • Nemendur taki þátt í stuttum leikþáttum og söngatriðum t.d. á árshátíð og í helgileikriti. 	<p>Verkefni í framsögn.</p>
<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. • Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. • Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og 	<ul style="list-style-type: none"> • Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa daglega heima í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. Yndislestur fer fram á hverjum degi og þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 10 mínútur í hljóði. • Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur geta valið sér bók á bókasafninu til að lesa í heima eða í skólanum. 	<p>Lesferill, lesfimispróf í september, janúar og maí. Lesskilningskannanir.</p>

	<p>notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum úr þeim. 	
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur eru þjálfaðir í að semja sögur og lesa þær upp. Nemendur skrifa eftir forskrift. Stafsetning er þjálfuð markvisst. Þá eru unnar æfingar, skrifaðir textar og reglur kenndar og þjálfðar. 	<p>Ritunarverkefni Stafsetningarverkefni Orðabókarverkefni</p>
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. 	<ul style="list-style-type: none"> Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu. Nemendur vinna með tungumálið á ýmsan hátt t.d með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum. Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra. Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna 	<p>Málfræðikannanir tvisvar yfir önnina.</p>

Námsgögn:

Lestrarbækur í samræmi við getu og áhuga hvers og eins, Skrift 5, Oðrspor 1, Orðspor 1-vinnubók, Málrækt 2, Fyrsti smellur, Bókasafnarinn og ýmis verkefni frá kennara.

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnistáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.